Til bæjarráðs

Kópavogur 13. júní 2023

Efni: Tillaga um að bæjarstjórn Kópavogs setji sér samningsmarkmið vegna uppbygginga á þróunarsvæðum

Í Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 má finna markmið um sjálfbæra þróun, verndarsvæði, hagkvæman vöxt,fjölbreytilegan húsnæðismarkað, skilvirkar samgöngur og breyttar ferðavenjur, lýðheilsu og heilnæmt og gott nærumhverfi.

Í Húsnæðisáætlun Kópavogsbæjar segir að markmið sveitarfélagsins þegar kemur að íbúðauppbyggingu sé að leitast við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa. Þétting byggðar fyrir íbúðir er skilgreind á þróunarsvæðum þar sem lögð er áhersla á blandaða landnotkun íbúða, atvinnu og þjónustustarfsemi.

Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum er samkvæmt Húsnæðisáætlun er að stærstur hluti nýbygginga næstu ára verði fjölbýlishús. Lögð er áhersla á uppbyggingu íbúða sem eru minni en 90 m2. Þá er áhersla á að ljúka uppbyggingu hverfa sem eru deiliskipulögð og þétta byggð svo hverfin verði sjálfbærari.

Í aðalskipulaginu eru nokkur svæði sem eru skilgreind sem þróunarsvæði sem felur í sér að hægt er að endurskoða landnotkun og landnýtingu svæðanna í samræmið við lýsingu skipulagsreita og hverfa. Á þróunarsvæðum getur bæði eignarhald lóða verið blandað og lóðarleiguréttur í höndum einkaaðila ólíkt því þegar land er brotið undir ný hverfi og nýjar lóðir koma til úthlutunar.

Til að gæta samræmis og jafnræðis við samningagerð við einkaaðila sem hafa áhuga á uppbyggingu á þróunarsvæðum er ákjósanlegt að Kópavogsbær setji sér samningsmarkmið til að ná fram bæði markmiðum Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 og Húsnæðisáætlun Kópavogsbæjar 2022.

Óskað er eftir heimild til þess að vinna drög að slíkum markmiðum í samráði við sviðstjóra umhverfissviðs og bæjarritara.

Ása A. Kristjánsdóttir, bæjarlögmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026